

Reykjavíkurborg, Umhverfis- og tæknisvið  
Ólafur Bjarnason  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík

2003070023  
0000; 9310

Reykjavík, 11. nóvember 2003  
/--

## **Efni: Færsla Sæbrautar milli Laugarnesvegar og Kambsvegar í Reykjavík. Ákvörðun um matskyldu**

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 23. september 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt færsla Sæbrautar milli Laugarnesvegar og Kambsvegar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13. a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 29. október 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. október 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. október 2003 og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 9. október 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með símbrefum dags. 7. og 15. október, bréfi dags. 28. október og símbrefi dags. 10. nóvember 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er kynnt fyrirhuguð færsla Sæbrautar á kaflanum milli Laugarnesvegar og Kambsvegar er felst í því að ljúka byggingu Sæbrautar norðan núverandi legu hennar með byggingu nýrrar akbrautar fyrir umferð til vesturs ásamt tilheyrandi gönguleið og breytingum á gatnamótum.

Umferð á leið til austurs verður færð af núverandi suðurakbraut Sæbrautar yfir á þá akbraut sem hingað til hefur annað umferð til vesturs. Færslan til norðurs mun byrja við núverandi gatnamót Sæbrautar og Laugarnesvegar og nemur færslan mest um 12,5 m miðað við miðlínu vegarins, gegnt Brekkulæk, en er að jafnaði 10 m. Á móts við hús nr. 90 við Kleppsveg mun Sæbraut falla saman við upprunalega legu. Töluverðar breytingar verða á Kleppsvegi við færslu Sæbrautar. Hann verður m.a. með umferð í báðar áttir á vestasta kaflanum, en kaflinn

meðfram bílastæði við Laugarásbíó verður með einstefnu til vesturs. Á þeim kafla er aðeins gert ráð fyrir umferð strætisvagna. Austan bílastæðisins verður vegkaflinn húsagata á ný með umferð í báðar áttir.

Gatnamót Laugarnesvegjar og Sæbrautar verða færð um 50 m til vesturs. Samhliða því verður gerð ný tenging af Laugarnesvegi inn á Kleppsveg. Gatnamót Klettagarða og Sæbrautar eru fyrirhuguð um 50 m vestan við gatnamót Héðingsgötu og Sæbrautar sem verða lögð af og verður aðkoma að Héðingsgötu framvegis úr norðri, um Klettagarða og Köllunarklettsveg. Gatnamót Dalbrautar og Sæbrautar verða nánast óbreytt en færast þó til norðurs um það sem færslu Sæbrautar nemur.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að fullgera Sæbraut og skila Kleppsvegi aftur til íbúa götunnar þannig að þeir fái sína húsagötu og um leið bætt aðgengi og meira umferðaröryggi. Fram kemur að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

### **Gróður**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gróður á Laugarnesi einkennist að mestu leyti af þurrlendi og að framkvæmdasvæðið sé flokkað sem graslendi í órækt, ræktað graslendi og raskað land.

### **Náttúruminjasrá**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vesturhluti Laugarness sé á Náttúruminjasrá og nái svæðið að Sæbraut á mótis við Suðurkotsvör að Laugarnesvegi.

### **Fornminjar**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að merkar fornleifar sé að finna á Laugarnesi og hafi þær verið skráðar af Árbæjarsafni. Friðhelgað svæði, 20 m út fyrir sjáanlegar minjar, umhverfis fornan kirkjugarð skerðist nokkuð af núverandi norðurakbraut Sæbrautar og ný lega akbrautarinnar muni skerða svæðið nokkuð. Fram kemur að framkvæmdaraðili muni láta gera forathugun á fornleifum í tengslum við framkvæmdina samkvæmt tillögu Árbæjarsafns sem einnig muni fylgjast með framkvæmdum samhliða framvindu verksins. Metið verði út frá niðurstöðu fyrrnefndrar forathugunar hvort hagstæðara sé að leggja göngustíginn meðfram Sæbraut á fljótandi púða ofan á óhreyfðan jarðlagsstafla, sem hugsanlega hafi að geyma mannvistarminjar, eða jarðlög verði fjarlægð að undangenginni rannsókn.

### **Önnur vernd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Laugarnes nýtur borgarverndar en mörk svæðisins séu skv. aðal- og deiliskipulagi við norðurbrún Sæbrautar eins og hún er fyrirhuguð eftir framkvæmdir.

### **Umferð og hljóðvist**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki áhrif á umferðarmagn á svæðinu. Verið sé að fullgera götuna á þessum stað og jafnframt að endurgera Kleppsveg sem húsagötu. Fram kemur að þar sem umferð muni ekki aukast verði ekki um aukningu á umferðarhávaða að ræða. Niðurstaða hljóðreikninga sé sú að

framkvæmdin, ásamt tilkomu hljóðveggja, leiði til lækkunar umferðarhávaða við íbúdir við Kleppsveg sunnan Sæbrautar en til aukningar hávaðamengunar norðan vegar. Þar eru nú einkum iðnaðar- og þjónustufyrirtæki og eru þau flest hver gluggalaus á þeirri hlið er veit að veginum. Því er ekki búist við að aukning verði á hávaða innanhúss þar af völdum framkvæmdarinnar nema hugsanlega tímabundið á framkvæmdatíma. Samkvæmt líkanreikningum muni framkvæmdin draga að einhverju leyti úr umferðarhávaða þar sem hljóðgjafi er færður fjær íbúðarhúsum við Kleppsveg og einnig skapist rými til að koma við hljóðvörnum, 2 m háum hljóðveggjum, meðfram Sæbraut þar sem því verður við komið en ráðgert er að þær verði hluti framkvæmdarinnar. Samkvæmt dynlínukorti sé hljóðstig nú 70-75 dB(A) við húsin næst Kleppsvegi á öllu því svæði sem um er að ræða. Að framkvæmd lokinni verði hljóðstig víða undir 65 dB(A). Í íbúðum þar sem hljóðstig utan við glugga er yfir 65dB(A) hafi íbúðareigendum frá árinu 1997 staðið til boða styrkur til úrbóta á gluggum til bættrar hljóðvistar í íbúðum. Með úrbótum sé tryggt að hljóðstig innanhúss sé innan viðmiðunarmarka. Margir íbúar meðfram Sæbraut hafi notið þessa styrks. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er sýnt hljóðstig árið 2024 að gefnum þeim forsendum að valinn verði kostur I í Sundabraut, þ.e. tenging við Sæbraut norðan Holtavegar og umferð verði 38.000 bílar á sólarhring. Hljóðstig við íbúðarhús næst götunni verði þá 65 dB(A) vestan gatnamóta Dalbrautar sem er lægra en í dag og allt að 75 dB(A) austan gatnamótanna eða svipað og nú er þar. Verði valinn kostur III í legu Sundabrautar yrði tenging við Sæbraut á mótis við Skeiðavog og umferð á Sæbraut um 30.000 bílar á sólarhring og hljóðstig lægra í samræmi við það.

Fram kemur að lega hljóðveggja og hæð hafi hvorki verið skoðuð með tilliti til hámarksáhrifa né umferðaröryggis, sjónlengda og þess háttar en haga verði legu þeirra þannig að þeir skerði ekki sjónlengdir við að- og fráreinar og gatnamót en það krefjist frekari skoðunar. Framkvæmdaraðili muni, áður en að framkvæmdum kemur, leita heimildar heilbrigðisnefndar til að víkja frá meginreglu reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða í þeim tilvikum þar sem hávaði verður yfir viðmiðunarmörkum 65 dB(A).

## **Efnistaka**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað sé að um 15.000 m<sup>3</sup> af jarðefni þurfi til framkvæmdarinnar og að aðflutt fyllingarefni verði fengið úr námum sem eru í rekstri á höfðuborgarsvæðinu.

## **Samræmi við skipulag**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sé Laugarnes tilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Á deiliskipulagi fyrir Kirkjusand og Laugarnes sé ennfremur sýnd endanleg lega Sæbrautar eftir byggingu nýrrar norðurakbrautar ásamt gatnamótum Sæbrautar og Laugarnesvegar svo og Klettagarðar sem tengibraut samsíða Laugarnesi er tengi hafnar svæðið við Sæbraut. Á deiliskipulagi fyrir Kirkjusand sé sýndur vestasti hluti fyrirhugaðs hljóðveggjar, 2 m hár, milli Kleppsvegar og Sæbrautar. Í aðalskipulagi sé gert ráð fyrir göngubru yfir Sæbraut gengt Hrafnistu DAS, en hún sé ekki hluti þessarar framkvæmdar.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Borgarráð, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki verða háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Gróður**

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að háplöntur sem finnast í Laugarnesi séu allar algengar á landsvísu en margar þeirra séu sjaldgæfar á svæðinu og Laugarnesið eini vaxtarstaður þeirra með allri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Lítið megi út af bera til að þessar tegundir hverfi alveg. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þess verði gætt að raska sem minnstu af svæðinu við fyrirhugaðar framkvæmdir og að ekki verði dreift áburði eða að fram fari sáning sem haft gæti áhrif á náttúrulegan gróður í Laugarnesi.

### **Náttúruminjaskrá**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með hliðsjón af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila verði rask við framkvæmdina það lítið að umfangi að það hafi ekki áhrif á verndargildi vesturhorns Laugarness sem sé á Náttúruminjaskrá. Mikilvægt sé að framkvæmdasvæðið verði skilgreint eins þröngt og nokkur kostur sé.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur telur framkvæmdina ekki rýra gildi Laugarness sem útivistarsvæðis.

### **Fornminjar**

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdaraðili hyggist fara að tillögum Árbæjarsafns um forathuganir á svæðinu og fallist Fornleifavernd ríkisins á fyrirhugaða framkvæmd verði farið að tillögunum. Einnig er bent á að í tillögum safnsins felist að til frekari rannsókna geti komið leiði niðurstöður forathugarinnar til þess og því sé nauðsynlegt að framkvæmdaraðili sé jafnframt tilbúinn til að standa að þeim.

### **Hljóðvist og mislæg gönguþverun**

Í umsögn borgarráðs er bent á að með framkvæmdinni skapist svigrúm til úrbóta á hljóðvist og að úrbætur verði hluti framkvæmdarinnar. Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram að ætla megi að hljóðvist muni batna með færslu Sæbrautar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að upplýsingar um hljóðstig séu ófullkomnar. Útreikningar miði við byggingu 2 m hárrar hljóðvarnar án þess að skýrt sé hvernig hún verði úr garði gerð. Einnig vanti samanburð á hljóðstigi fyrir ofan hljóðvörnina, t.d. á 3. og 4. hæð húsa við Kleppsveg. Vakin er athygli á að hljóðvarnir hafi sjónræn áhrif. Telji íbúar þær óásættanlegar og hljóðvörnum er breytt af þeim sökum, geti áhrif hljóðvarnar á dreifingu hávaða breyst. Því sé mikilvægt að útfærsla hljóðvarna sé kynnt íbúum á fyrstu stigum og virkni hljóðvarna til hávaðavarna metin á ný ef útfærsla þeirra breytist við samráð. Þá er bent á að ekki verði séð að við útreikninga á hljóðstigi hafi verið gert ráð fyrir breyttri tilhögun gatnamóta annars vegar við Laugarnesveg og hins vegar við Klettagarða. Þrátt fyrir að upplýsingar um hljóðstig séu ófullkomnar telji Umhverfisstofnun ljóst af framlögðum gögnum að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum hvað þennan þátt varðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að íbúðir á efri hæðum húsa verði ekki varðar á annan máta en með endurbótum á gluggum. Færsla götunnar fjær húsum leiði almennt til

lækkunar á hljóðstigi utan við glugga. Á næstu dögum verði boðað til opins kynningarfundar þar sem framkvæmdin verði kynnt íbúum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að færsla Sæbrautar sé forsenda þess að unnt verði, samkvæmt aðalskipulagi, að koma mislægri göngupverun fyrir í borgarlandinu að sunnanverðu, hvort sem um verði að ræða brú eða göng. Ekki liggi fyrir hvenær af þessari framkvæmd verði.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða færslu Sæbrautar, um 10-12 m til norðurs, milli Laugarnesvegjar og Kambsvégar í Reykjavík. Lokið verður byggingu Sæbrautar með byggingu nýrrar akbrautar fyrir umferð til vesturs norðan núverandi legu hennar, ásamt tilheyrandi gönguleið og breytingum á gatnamótum. Breyting verður á gatnamótum Laugarnesvegjar og Sæbrautar og gerð ný gatnamót Klettagarða og Sæbrautar í stað gatnamóta Héðinsgötu og Sæbrautar sem verða lögð af en gatnamót Dalbrautar og Sæbrautar verða nánast óbreytt. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Gróður og fornminjar**

Framkvæmdasvæðið er á jaðri svæðis sem er á Náttúrminjaskrá og nýtur borgarverndar. Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar um að það rask sem verður við framkvæmdina sé það lítið að umfangi að það hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Margar háplöntur sem finnast í Laugarnesi eru sjaldgæfar á svæðisvísu. Framkvæmdin er að hluta til innan 20 metra friðhelgunarsvæðis fornleifa. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að fram fari forathugun á fornleifum, eins og framkvæmdaraðili áformar. Meta þarf út frá niðurstöðu athugunarinnar hvort hagstæðara sé að leggja göngustíg á friðhelgunarsvæðinu á fljóttandi píða eða fjarlgæja jarðlög að undangenginni rannsókn. Skipulagsstofnun tekur einnig undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að leiði niðurstöður forathugunarinnar til frekari rannsókna þurfi að ráðast í þær í samræmi við kröfur Fornleifaverndar ríkisins. Skipulagsstofnun telur að skilgreina þurfi framkvæmdasvæðið eins þröngt og kostur er til að draga úr raski. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fornminjar í Laugarnesi verði ekki veruleg.

### **Hljóðvist**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni ekki auka hávaða í íbúðarbyggð og samkvæmt líkanreikningum draga úr hávaða þar sem gatan verður færð fjær húsum. Með færslu götunnar skapist möguleikar á uppsetningu hljóðveggja, sem verða hluti framkvæmdarinnar en hönnun þeirra með tilliti til hámarksáhrifa og umferðaröryggis hafi ekki verið skoðuð. Skipulagsstofnun tekur undir það álit Umhverfisstofnunar að upplýsingar um hljóðstig séu ófullkomnar einkum þar sem hvorki liggur fyrir hvernig hljóðvörn verður úr garði gerð né hvort taka verður tillit til sjónarmiða íbúa er varða sjónræn áhrif hljóðveggjar sem geti haft áhrif á dreifingu hávaða. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að framkvæmdir við færslu Sæbrautar muni hafa jákvæða breytingu á hljóðstigi í för með sér á stærstum hluta framkvæmdasvæðisins sé ljóst að áhrif af völdum hávaða verði áfram veruleg austan Dalbrautar eftir framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að farið verði að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Þannig þarf

hljóðstíga að vera neðan þeirra marka sem fram koma í reglugerðinni. Að öðrum kosti þarf að afla leyfis heilbrigðisnefndar til að hávaði megi vera ofan viðmiðunarmarkna skv. 8. gr. reglugerðar nr. 933/1999. Skipulagsstofnun telur þó ljóst af framlögðum gögnum að framkvæmdin muni draga úr hávaða við íbúðarhús og ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

### **Mislæg göngubverun**

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þó göngubverun yfir eða undir Sæbraut gengt Hrafnistu DAS sé ekki hluti þessarar framkvæmdar verði við endanlega hönnun framkvæmdarinnar tekið tillit til hennar svo sem aðalskipulag gerir ráð fyrir.

### **Niðurstaða**

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að færsla Sæbrautar á milli Laugarnesvegjar og Kambsvegjar í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 og á grundvelli deiliskipulags Kirkjusands dags. 11. janúar 2000, Laugarness dags. 12. september 1999 og deiliskipulags fyrir Hrafnistu, síðast breytt 31. júlí 2002.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. desember 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur